

Áfangalýsing

Megináhersla verður lögð á samskipti, tal og hlustun. Nemendur fá þjálfun í hljóðmyndun og framburði og kynnst helstu hljóðtáknnum. Tónlist og söngur verða nýtt til að æfa hljóðskyn, framburð og hlustun. Unnið verður ítarlega jafnt í töluðu máli sem rituðu með þann orðaforða og þá málfræði sem nemendur hafa tileinkað sér. Nemendur kynna sér samskiptavenjur, menningu og siði þýskumælandi landa. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og við verkefnaval.

Lokamarkmið

- Nemandi tileinki sér réttan þýskan framburð
- Nemandi geri sér grein fyrir helstu einkennum í framburði í þýsku og mismunandi framburði eftir löndum og landshlutum
- Nemandi beiti málfari við hæfi við mismunandi aðstæður
- Nemandi skilji talað mál og geri sér grein fyrir aðalatriðum í frásögn, söngvum og myndmiðlum
- Nemandi nýti sér reynslu sína og hugmyndaflug í máli og ritun til að segja frá efni sem hann kynnt sér
- Nemandi segi frá og svari spurningum um tiltekin efni
- Nemandi lesi margs konar texta og vinni úr þeim á mismunandi hátt eftir tilgangi lestursins
- Nemandi skrifi ýmiss konar texta og átti sig á muninum á rituðu og töluðu máli
- Nemandi noti upplýsingartækni og hjálpargögn við úrlausn verkefna
- Nemandi kynni sér mannlíf og menningu í þýskumælandi löndum
- Nemandi leysi viðfangsefni einn eða í samvinnu við aðra
- Nemandi læri að meta eigið vinnuframlag og framfarir

Kennslugögn

- Þú styðst við talæfingabókina Wechselspiel (ljósrit), orðabækur og netið ásamt efni frá kennara
- Þú lest hraðlestrarbókina Stille Nacht
- Þú fylgist með framhaldspáttunum Jojo sucht das Glück á netinu
- Þú notast við Deutsche Welle og aðra vefmiðla
- Þú nýtir þér tímaritið Deutsch perfekt
- Þú safnar verkefnum þínum í möppu

Viðfangsefni

Framburður og hljóðritun	Vinátta, ást, afbrýði
Samtöl og samskiptavenjur	Borgin Köln
Mállýskur, talmál, unglingamál	Jólin í Þýskalandi
Þýsk nútímatónlist	Málfræði og málnotkun
Þýsk ljóð	

Námsmat

Annareinkunn 35%:

- 5% Tvö myndbandsverkefni (ljóð)
- 5% Ritun
- 20% Munnlegt próf - samtalspróf 10%,
einstaklingspróf tengt Stille Nacht 10%
- 5% Þemaverkefni tengt jólum

Lokapróf 45%:

- Hlustun – lesskilningur – málnotkun – ritun
- Hlutur hljóðfræðinnar hjá Hrefnu er 20% af heild

Námsáætlun haustönn 2012 - 2013 – TUN 2A05þ

Vika	Viðfangsefni og yfirferð
<p>1. - 3. vika:</p> <p>14. - 29. september</p>	<p>Kynning á námsefni, markmiðum og fyrirkomulagi.</p> <p>Nútímatónlist, rapp, poop og rokk. Unglingamál. Hópverkefni tengt tónlist: Kynning í kennslustund.</p> <p>Framburðaræfingar, erfið ljóð fyrir Íslendinga, ljóðtákn.</p> <p>Talæfingar úr Wechselspiel.</p> <p>Jojo sucht das Glück. Byrjað á vikulegum framhaldspætti á netinu. Vefleit um Köln. Jojo sem heimaverkefni. http://www.dw.de/dw/0,,31564,00.html</p> <p>Ritun - dagbóarskil eftir fyrstu þrjár vikurnar.</p>
<p>4. - 5. vika:</p> <p>30. september – 13. október</p>	<p>Ljóðalestur. Framburður, hrynjandi, túlkun. Nokkur þekkt ljóð tekin fyrir í kennslustund.</p> <p>Einstaklingsverkefni: Nemendur flytja ljóð og taka það upp á myndband/síma.</p> <p>Í lok annar taka nemendur aftur upp eigin ljóðalestur.</p> <p>Þetta verkefni gildir 2,5% af lokaekunn, skiladagur 12. október.</p> <p>Wechselspielæfingar. Frasar, samskiptavenjur, þérun/þúun, mismunandi aðstæður. Að daðra. Speed date í kennslustund.</p> <p>Jojo sucht das Glück. Viðtal, látbragðsleikur.</p> <p>Ritun -skil á tölvupósti og smáskilaboðum.</p>
<p>6. - 8. vika:</p> <p>14. október – 3 nóvember</p> <p>Haustfrí 29. – 30. október</p>	<p>Mállýskur og menningarmunur. Textar, tónlist, talmál, mismunandi orðaforði, mismunandi framburður.</p> <p>Hlustun af Deutsche Welle, Youtube, fréttamiðlum. Gestakennari.</p> <p>Talæfingar. Að tjá skoðanir, misskilning, komast að samkomulagi, niðurstöðu, rífast.</p> <p>Jojo sucht das Glück. Hlutverkaleikir. Skrifa handrit.</p> <p>Tímaritun 5% af lokaekunn.</p>
<p>9. - 10. vika:</p> <p>4. - 17. nóvember</p> <p>Velgengnis dagar 6. - 8. nóvember</p>	<p>Talæfingar, framburður.</p> <p>Talpróf – þör tala saman. 10% af lokaekunn. 5. nóvember.</p> <p>Byrjað á hraðlestrarbókinni Stille Nacht. Fjölbreytt verkefnavinna. Lesskilningur, hlustun, málnotkun, jólahefðir, bakstur.</p> <p>Seinni upptaka á ljóðalestri 2,5%. Skiladagur 16. nóvember.</p>
<p>11.- 13. vika:</p> <p>18. nóvember– 8. desember</p>	<p>Stille Nacht. Verkefnavinna. Jólalög og söngur.</p> <p>Munnlegt próf – innihaldsspurningar og spjall um daginn og veginn.</p> <p>Einstaklingsverkefni, gildir 10% af lokaekunn. 7. desember.</p> <p>Jojo sucht das Glück. Spurningakeppni, orðforðaræfingar, málshættir.</p> <p>Ritun – dagbóarskil.</p>
<p>14. - 16. vika:</p> <p>9. desember – 9. janúar</p>	<p>Þemavinna. Jólahefðir í Þýskalandi. Óhefðbundið verkefni, flutt á lifandi hátt á Gamla sal 17. desember.</p> <p>Jojo sucht das Glück. Horft að leiðarlökum.</p> <p>Upprifjun fyrir lokapróf.</p> <p>Ritun – dagbók/ígrundun.</p>

Með von um gott samstarf í vetur

Harpa

harpa@ma.is